

Tilmæli 1/2023
Tillaga A 1932/PRE
Afgreiðsla Forsætisnefnd

Nefndarálit um svar við tilmælum 1/2023 um norrænan stuðning við enduruppbyggingu Úkraínu

Norræna sjálfbærnefndin leggur til að Norðurlandaráð taki svar við tilmælum 1/2023 til greina og bíði pólitísku samráðs hvað varðar norrænan stuðning um lög um vistmorð.

Forsendur og aðdragandi

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórnanna á Norðurlöndum

- að koma á upplýsingaskiptum og þróa fyrirliggjandi samstarfsverkefni milli Norðurlanda og Úkraínu í tengslum við þróun opinberrar stjórnsýslu, menntunar og innviða
- að vinna að því að tryggja bæði norræna og evrópska fjármögnun fyrir enduruppbyggingu Úkraínu
- að styðja vinnu í Úkraínu gegn spillingu og með lýðræðislegri stjórnun opinbers fjármagns

Svar norrænu ríkisstjórnanna

Úkraínu og úkraínska þjóðin glíma enn við afleiðing af allsherjarinnrás Rússland á landið sem veldur mannfalli, atvinnuskorti, eyðileggingu á mannvirkjum og ólýsanlegri mannlegri þjáningu. Milljónir hafa þurft að flýja heimili sín, margir innan landsins en aðrir hafa flúið til aðildarríkja ESB.

Frá upphafi innrásarinnar og fram að henni hefur norræna samstarfið látið sig málið varða. Það felst í virku og reglulegu samtali og upplýsingaskiptum á milli norrænu utanríkisráðherranna. Árás Rússlands og stuðningur við Úkraínu hefur verið dagskrá allra funda utanríkisráðherranna frá því 24. febrúar 2022, og annarra funda á ólíkum stigum utanríkisþjónustu landanna, þ. á m. ráðuneytisstjórum og



pólítískum aðstoðarmönnum. Þá hafa norrænu forsætisráðherrarnir átt samtöl um málið.

Öll norrænu ríkin hafa veitt Úkraínu efnahagsaðstoð, mannúðaraðstoð og pólítískan stuðningu sem og hernaðarlegan stuðning og aðstoð við enduruppbyggingu landsins. Upplýsingaskipti á milli norrænu ríkisstjórnanna um yfirstandandi verkefni munu halda áfram til að tryggja samfellu.

Norrænu utanríkisráðherrarnir og utanríkisráðherrar Eystrasaltsríkjanna fóru í sameiginlega heimsókn til Úkraínu í nóvember 2022 og í apríl 2023 til að sýna stuðning í verki. Þessar heimsóknir höfðu greinileg áhrif og staðfestu þá trú á að ákafur og viðvarandi stuðningur á fjölda sviða sé eina leiðin áfram.

Úkraína og úkraínska þjóðin eru hluti af evró-atlantísku fjölskyldunni og er sú staðreynd að ESB hefur veitt Úkraínu stöðu umsóknarríkis staðfesting á því. Norrænu ríkisstjórnirnar vilja halda áfram stuðningi við viðleitni Úkraínu við að uppfylla Kaupmannahafnarskilyrðin og aðlagast evrópskum stöðlum. Aðlögun við ESB er samofin uppbyggingu og endurreisn Úkraínu sem þegar er hafin og ekki má hverfa frá. Þörfin á uppbyggingu er og mun vera mikil og og mikilvægt er að leggja grunn með metnaðarfullum aðgerðum þar sem horft er til langs tíma sem gera Úkraínu kleift að vinna að uppbyggingu og endurreisn sem skapar öllum íbúum landsins ný tækifæri.

Aðkoma hlutaðeigandi aðila, þ.m.t. aðila innan einkageirans og alþjóðlegara fjármálastofnanna skiptir þar höfuðmáli. Við viljum aðstoða Úkraínu við endurreisa nútímalegt og velmegandi land sem er rækilega byggt á evrópskum gildum.

Í gegnum alþjóðlegar fjármálastofnanir og aðra alþjóðlega aðila hafa norrænu ríkisstjórnirnar tekið þátt í stofnanaumbótum og baráttu gegn spillingu. Langtímastuðningu frá norrænu ríkisstjórnunum mun auðvelda Úkraínu að gera að veruleika markmið sín um umbætur á opinberum stofnunum og útrýma spillingu og tryggja um leið réttarríkið.

Ríkisstjórnir Norðurlanda telja hér með að orðið hafi verið við tilmælunum.

Álit forsætisnefndar



Það er jákvæð þróun að ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum lýsi yfir ótvíræðum stuðningi við Úkraínu og að þau sýni bæði í vilja og verki norræna samvinnu Úkraínu til heilla. Forsætisnefndin leggur til að Norðurlandaráð líti á tilmælin sem endanlega afgreidd.

Forsætisnefndin leggur jafnframt áherslu á að öllu máli skiptir að til framtíðar sé kastljósinu beint að stuðningi við Úkraínu og aukið samstarf á milli Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna og annarra alþjóðlegra aðila, Úkraínu til heilla. Norðurlandaráð skal gera allt það sem í þess valdi stendur til að leggja sitt af mörkum í þessum efnum og er þar einnig vísað til nýlega samþykkrar [stefnu í alþjóðamálum](#).

Kaupmannahöfn, 5. september 2023

Jorodd Asphjell (A)

Annette Lind (S)

Heléne Björklund (S)

Oddný G. Harðardóttir (Sf)

Anna-Kristiina Mikkonen (sd)

Hanna Katrín Friðriksson (Vr)

Heidi Greni (Sp)

Jouni Ovaska (cent)

Anna Falkenberg (L)

Bryndís Haraldsdóttir (Sj.)

Ann-Sofie Alm (M)

Lars Püss (M)

Veronika Honkasalo (V)

Juho Eerola (saf)